

STARFSLEYFI

Tannlæknastofa Hartmanns

tannlæknastofur

Sólhlíð 6, fastanr. F2184685 mhl.01 0101
900 Vestmannaeyjar

kt. 070855-4969

Nafn og kt. rekstraraðila: **Hartmann Ásgrímsson, kt. 070855-4969**
Heimilisfang: **Breiðabliksvegur 5, 900 Vestmannaeyjum**

Útgáfudagur: **8. nóvember 2022** Gildir til: **8. nóvember 2034**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir tannlæknastofu, dags. 8. nóvember 2022.**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi. Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Vestmannaeyjum, 8. nóvember 2022



Áslaug Rut Áslaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR TANNLÆKNASTOFU

**Tannlæknastofa Hartmanns
Kt. 070855-4969**

**Sólhlíð 6
900 Vestmannaeyjum**

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998
um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

| | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|---|--------------------|----------|
| 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir tannlæknastofur. | | |
| 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfisumsókn og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina. | 941/2002 13.gr | |
| 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði. | 941/2002 7. gr. | |
| 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn. | 941/2002 14.gr | |
| 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi. Ábyrgðin er gagnvart þjónustuþegum, eigin heilsu og heilbrigðisyfirvöldum. | 941/2002 13.gr | |

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

| | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|---|-------------------|----------|
| 2.1 Húsnæði skal vera vel við haldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð. | 941/2002 14.gr | |

| | | | |
|------|--|-------------------|--|
| 2.2 | Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. | 941/2002 14.gr | |
| 2.3 | Rými sem ætluð eru til tannviðgerða/aðgerða skulu vel aðgreind og þannig útbúin að ekki verði hætta á mengun á milli rýma. | 941/2002 49.gr | |
| 2.4 | Sérstök handlaug skal vera í tengslum við meðferðarrými. Við hana skal vera fljótandi sápa, einnota handþurrkur og gerileyðir. | 941/2002 49.gr | |
| 2.5 | Fullnægjandi búnaður þarf að vera fyrir hendi, svo sem borð og vaskar, sem sérstaklega er ætlað til þvotta og sóttþreinsunar á áhöldum og vinnu með sterk efni. | 941/2002 49.gr | |
| 2.6 | Útbúnaður og aðstaða skal vera til dauðþreinsunar áhalda. | 941/2002 49.gr | |
| 2.7 | Læst og loftræst ræstiaðstaða með skolvaski skal vera til staðar í hverri rekstrareiningu. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru. | 941/2002 14.gr | |
| 2.8 | Staðsetja skal loftinntak fyrir loftpressu þannig að hún taki inn ferskt ómengað loft. Útblástur frá sogmótor skal staðsetja þannig að ekki valdi öðrum óþægindum eða skaða. | 941/2002 49.gr | |
| 2.9 | Greiður aðgangur skal vera að fullbúinni snyrtingu með sápulegi og einnota handþurrkum. Þar sem við á skal vera fullnægjandi aðskilnaður á snyrtiaðstöðu starfsfólks og viðskiptavina. Ruslafata með loki skal vera í hverju salernisrými. | 941/2002 15.gr | |
| 2.10 | Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum, þannig að vatnshiti fari ekki yfir 43°C á töppunarstað. | 941/2002 14.gr | |
| 2.11 | Fatahengi og búningsaðstaða skal vera eftir því sem við á. | 941/2002 14.gr | |

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|--|--------------------------------|----------|
| 3.1 | Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin daglega eða oftar eftir þörfum. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega. | 941/2002 14. og 11. gr.r | |
| 3.2 | Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld. Óheimilt er að hafa teppi á gólfum meðferðarrýmis. | 941/2002 14.gr | |
| 3.3 | Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók | 941/2002 11. og 14. | |

| | | | |
|-----|---|-------------------|--|
| | eða samsvarandi leiðbeiningar fyrir loftræsikerfi skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila. | gr | |
| 3.4 | Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar aðgangs og þjónustu. | Lög nr. 6/2002 | |
| 3.5 | Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsnæðið. Þó er fötluðum heimilt að hafa með sér merktan hjálparhund. | 941/2002 19.gr | |

4. SÓTTHREINSUN

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|------|---|------------------------------|----------|
| 4.1 | Starfsmenn skulu ástunda fullnægjandi handþvott. | 941/2002 49.gr | |
| 4.2 | Ávallt skal hreinsa, sótthreinsa og dauðhreinsa tæki og búnað eftir því sem við á með viðeigandi efnum og aðferðum. Aðstaða til almennrar hreinsunar áhalda og dauðhreinsunar skal vera vel aðgreind. | 941/2002 49.gr | |
| 4.3 | Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um sérstaka áhaldapvottavél. | 941/2002 49.gr | |
| 4.4 | Viðhafa skal ýtrustu smitgát. Tæki og áhöld sem fara í vefi fólks skulu vera dauðhreinsuð. | 941/2002 49.gr | |
| 4.5 | Sótthreinsa skal eins fljótt og auðið er menguð áhöld, ílát undir blandað sótthreinsiefni skal vera með þéttu loki. Loftræsing skal vera góð þar sem notkun og blöndun efna fer fram. | 941/2002 49.gr | |
| 4.6 | Dauðhreinsibúnað skal yfirfara reglulega og prófa með sporaprófum eða álíka viðurkenndum aðferðum a.m.k. fjórum sinnum á ári. | 941/2002 49. og 11.gr | |
| 4.7 | Dauðhreinsuð áhöld skal geyma í lokuðum umbúðum eða ílátum og haldið aðgreindum frá óhreinum áhöldum. | 941/2002 49.gr | |
| 4.8 | Fara skal eftir leiðbeiningum Landlæknisembættisins um hreinsun, sótthreinsun og dauðhreinsun áhalda eftir því sem við á. | 941/2002 49.gr | |
| 4.9 | Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu í starfsleyfi um innra eftirlit í starfsemi þar sem smithætta er fyrir hendi eða sérstakra öryggisráðstafana er þörf. | 941/2002 49. og 11. gr | |
| 4.10 | Fyrir hvern viðskiptavin skal eftir því sem við á nota hreinar hlífar s.s. úr taui eða einnota pappírshlífar. Þvott skal þvo við a.m.k. | 941/2002 49.gr | |

| | | |
|-------|--|--|
| 60°C. | | |
|-------|--|--|

5. UMHVERFISMÁL

| | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|---|---|----------|
| 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið. | Rg. 941/2002 14. gr og 18.gr. | |
| 5.2 Viðurkenndan hreinsibúnað skal nota til að hreinsa amalgam úr vatni áður en það berst í fráveitu, hreinsibúnaðurinn uppfylli a.m.k þær kröfur sem koma fram í íslenskum staðli um amalgamskiljur. | Rg. 860/2000 3. gr. | |
| 5.3 Öllum amalgammenguðum úrgangi ber að skila inn til viðurkenndrar móttökustöðvar fyrir spilliefni. Sóttgreinsa ber amalgammengaðan úrgang áður en honum er skilað til móttökustöðvar. | Rg. 860/2000 4. gr. | |
| 5.4 Bannað er að hella hættulegum efnum og spilliefnum í niðurföll, ár, vötn eða sjó. | Rg. 737/2003 11. gr. | |
| 5.5 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. | Rg. 806/1999 | |
| 5.6 Spilliefnum þ.m.t. amalgam, framköllunarefni, festiböð, lyfjaafgangar, nálar og oddhvass úrgangur skal safnað, þau geymd og flutt í þar til gerðum umbúðum til viðurkenndra móttökustöðva. Kvittanir fyrir skilum skulu aðgengilegar eftirlitsaðilum og geyma í a.m.k. fjögur ár. | Rg. 860/2000 4. gr. | |
| 5.7 Sóttmengaður úrgangur sem búið er að dauðgreinsa flokkast sem almennt sorp. | Rg. 737/2003 | |
| 5.8 Gera skal ráð fyrir kældri og læstri sorpgeymslu fyrir sóttmengaðan úrgang og spilliefni eftir því sem við á. | Rg. 737/2002 | |
| 5.9 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. | Lög 61/2013 og Rg. 941/2002 35. gr og 37.gr. | |
| 5.10 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem | | |

| | | | |
|------|---|-----------------|--|
| | Því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru. | | |
| 5.11 | Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á. | Rg 798/1999. | |

**GREINARGERÐ MEÐ SAMRÆMDUM STARFSLEYFISSKILYRÐUM FYRIR
ATVINNUGREIN**

Atvinnugreinaflokkur (ÍSAT): 85.13.1.1 Tannlæknastofur

Helstu forsendur fyrir starfsleyfisskilyrðum þessum eru:


- Til að tryggja hollustuhætti og heilnæmt umhverfi í samræmi við reglugerð um hollustuhætti
- Til að koma í veg fyrir óhöpp og slys á viðskiptavinum
- Til að tryggja að starfsmenn hafi ákveðna lágmarkspækingu
- Koma í veg fyrir vanbúnað í aðstöðu fyrir almenning.
- Hafa aðhald með þeim sem starfa í þjónustu við almenning.
- Tryggja að eftirlit og viðeigandi gögn séu til um starfseminna.
- Fyrirbyggja mengun og mengunarslys.

Starfsemin á sér stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr 806/199 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.

Vestmannaeyjum, 8. nóvember 2022

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Áslaug Rut Áslaugsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi.



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

Tannlæknastofa Hartmanns

kt. 070855-4969

**Sólhlíð 6,
900 Vestmannaeyjum**

vegna tannlæknastofu í starfstöð fyrirtækisins að Sólhlíð 6, Vestmannaeyjum.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 13. september sl. umsókn Hartmanns Ásgrímssonar, kt. 070855-4969, f.h. Tannlæknastofu Hartmanns, kt. 070855-4969, um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Sólhlíð 6, Vestmannaeyjum.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst þann 5. nóvember sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, upphaflega útgefnum 2003, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Þann 14. september sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Vestmannaeyjabæjar. Þann 28. september sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið en þá kom í ljós að rangt fasteignanúmer var á umsókn.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir tannlæknastofu á vegum Tannlæknastofu Hartmanns á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 5.



október sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 2. nóvember sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Í 6. gr. samþykktar samþykktar nr. 1270/2021 fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 1. nóvember 2021, kemur fram að framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins sé heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. án þess að til formlegrar afgreiðslu heilbrigðisnefndar hafi komið, að því gefnu að engar athugasemdir hafi borist við auglýst starfsleyfi.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út til 12 ára, í samræmi við ofangreint. Útgáfa starfsleyfisins verður kynnt á næsta fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Vestmannaeyjum, 8. nóvember 2022.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Áslaug Rut Áslaugsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi.